

Ár 2002, mánudaginn 9. september, er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) kærumálið nr. 1/2002

Handknattleiksdeild Hauka

gegn

Handknattleiksdeild Stjórnunnar

og uppkveðinn svofelldur

DÓMUR:

Mál þetta var þingfest 3. september s.l. og dómtekið sama dag. Mál þetta var höfðað með kæru sem dags. er 9. júlí 2002.

Álitaefni það sem borið hefur verið undir dómstól HSÍ er synjun HSÍ frá 9. júlí s.l. á undirritun félagaskiptaeyðublaðs Birkis Ívars Guðmundssonar (BÍG), kt. 140976-5476, þar sem leikmaðurinn fer fram á félagaskipti úr Stjórnunni yfir í Hauka og þannig neitað leikmanninum um leikheimild með hkd. Hauka fyrir en A-leikmannasamningi hans við hkd. Stjórnunnar væri lokið.

Hkd. Hauka hefur kært synjun HSÍ og gert þær dómkröfur aðallega að hkd. Stjórnunnar samþykki fyrir sitt leyti félagaskipti leikmannsins BÍG frá Stjórnunni til Hauka og til vara að stjórn HSÍ skrifi undir félagaskipti leikmannsins Birkis Ívars Guðmundssonar frá Stjórnunni til Hauka.

Hkd. Stjórnunnar hefur skilað greinargerð sem móttækin var á skrifstofu HSÍ hinn 26. ágúst s.l., en þar er þess krafist að dómstóll HSÍ staðfesti ákvörðun HSÍ um að synja BÍG um félagaskipti og leikheimild með hkd. Hauka og að kröfum hkd. Hauka verði hafnað.

Mál þetta var þingfest fyrir dómstól HSÍ hinn 3. september s.l. eins og áður greinir. Ákveðið var að sama dag skyldi fara fram munnlegur málflutningur í málinu. Hófst aðalmeðferð málsins með skýrslutöku af vitninu BÍG. Síðan fór fram munnlegur málflutningur talsmanna aðila.

Fyrstur tók til máls Ágúst Sindri Karlsson hdl. fyrir hönd hkd. Hauka og gerði grein fyrir framkomnum kröfum, rakti sjónarmið kæranda og lagði málið í dóm með venjulegum fyrirvara. Síðan tók til máls Indriði Þorkelsson hdl. fyrir hönd hkd. Stjórnunnar, gerði grein fyrir framkomnum kröfum, rakti sjónarmið varnaraðila og lagði málið í úrskurð með venjulegum fyrirvara. Lögmenn tóku stuttlega til máls að nýju og lögðu málið að svo búnu í dóm. Að síðustu var fyrirvarsmönnum málsaðila gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum stuttlega á framfæri við dóminn að öðru leyti en því sem fram hafði komið í málflutningsræðum. Tók þá fyrst til máls Eiður

Arnarson formaður hkd. Hauka og síðan Magnús Magnússon framkvæmdastjóri hkd. Stjórnunnar. Að því búnu var málið tekið til dóms.

Niðurstaða:

Leggja verður til grundvallar að kæra hafi borist skrifstofu HSÍ sama dag og hún er dagsett þótt hún beri það ekki með sér hvenær hún var móttækin á skrifstofu HSÍ. Þannig verður að líta svo á að kæran hafi borist innan 24 klst. kærufrestsins sem áskilinn er skv. 1. tl. 5. gr. reglugerðar um dómstól HSÍ og verður kærandi ekki látinn bera hallan af því að kæran skuli ekki hafa verið móttökustimpluð á skrifstofu HSÍ þegar hún barst þangað. Einnig er lagt til grundvallar að uppfyllt hafi verið ákvæði 3. gr. sömu reglugerðar um kærurétt þannig að kærandi geti talist vera réttur aðili að málinu.

Aðalkröfu kæranda er vísað frá dómi þar sem ekki þykja vera rök til að dæma hkd. Stjórnunnar til að samþykkja félagaskipti sem félagið hefur lýst sig mótfallið. Varakröfu kæranda þykir mega skilja þannig að stjórn HSÍ skuli með dómi gert skylt að heimila félagaskipti BÍG og veita honum þannig leikheimild með hkd. Hauka að því gefnu að leikmaðurinn og kærandi hafi uppfyllt samningsbundin skilyrði fyrir útgáfu slíkrar heimildar. Telst þessi krafa vera í samræmi við ákvæði b-liðar 3.1.3. í félagaskiptareglugerð HSÍ um heimild starfsmanna á skrifstofu HSÍ og formanns HSÍ eða staðgengils hans úr stjórn til að undirrita félagaskiptaeyðublað. Verður ákvæði þetta ekki skilið á annan hátt en þann að neiti félag að undirrita félagaskiptaeyðublað án réttmætrar ástæðu þá hafi starfsmenn á skrifstofu HSÍ, stjórnarformaður eða staðgengill hans sjálfstæða heimild til að undirrita félagaskiptin, eftir atvikum að undangengnum dómi.

Í gildi milli hkd. Stjórnunnar og BÍG er A-leikmannasamningur HSÍ dags. 25. september 2001, en þá höfðu báðir aðilar undirritað samninginn og hann tekið gildi. Í þeim samningi eru skýr fyrirmæli um að samhliða honum skuli gerður viðaukasamningur, sem felur í sér nánari útlistun á þeirri umbun, sem leikmaður nýtur fyrir það að æfa og leika handknattleik með félaginu. Viðaukasamningur skal ávallt hafa sömu tímamörk og A-leikmannasamningur viðkomandi samningsaðila. Viðaukasamningur skal gerður í tveimur samhljóða eintökum og skal félagið varðveita annað eintakið og leikmaður hitt. Í ákvæði 3.3. í A-leikmannasamningi segir að samningsaðilar geta hvenær sem er orðið sammála um að leysa hvorn annan frá samningi þessum. Skal slíkt skriflega tilkynnt skrifstofu HSÍ.

Það er óumdeilt milli aðila að ódagsettur viðaukasamningur sem lagður hefur verið fram og undirritaður er af aðilum, var gerður í júní 2001, án þess að hægt verði að tímasetja undirritun hans nánar. Viðaukasamningi þessum var ætlað að gilda fyrir keppnistímabilin 01-02 og 02-03. Í 3. gr. viðaukasamningsins er svohljóðandi ákvæði: “Komi tilboð í leikmann fyrir 30. júní þá skal stjórn félagsins samþykkja það í samráð við leikmann enda fái deildin greiðslu að hámarki kr. 400.000. Greiðsla skiptist til helminga á milli félagsins og leikmanns.”

Ágreiningur aðila snýst um það hvernig skilja megi ákvæðið. Kærandi telur að með dagsetningunni 30. júní hafi verið átt við þann dag hvort tímabil sem samningurinn skyldi gilda. Varnaraðili kveðst skilja það sem svo að aðeins hafi verið átt við 30. júní árið 2001.

Ákvæðið er ófullkomið að því leyti að ártals er ekki getið á eftir dagsetningunni 30. júní. Vitnisburður BÍG, málflutningur aðila og ummæli forsvarsmanna málsaðila þykir ekki hafa skýrt það með vissu hvernig skilja megi ákvæðið. Þannig verður að byggja niðurstöðuna á viðurkenndum lögskýringarreglum og túlkun þeirra samninga sem liggja fyrir og ágreiningslaust er að gildi á milli aðila.

Dagsetningin 30. júní kemur fyrir bæði árin sem viðaukasamningnum var ætlað að gilda. Ekki verður fullyrt gegn neitun kæranda og BÍG að átt hafi verið við 30. júní 2001 frekar en 30. júní 2002. Í A-leikmannasamningi HSÍ segir að viðaukasamningur skuli ávallt hafa sömu tímamörk og A-leikmannasamningur viðkomandi samningsaðila. Viðaukasamningur milli aðila er hluti A-leikmannasamnings HSÍ, sem verður að skilja með hliðsjón af A-leikmannasamningi. A-leikmannasamningur HSÍ var gerður 25. september 2001, en viðaukasamningurinn í júní 2001. Þar sem samningarnir skulu ávallt hafa sömu tímamörk þá telst viðaukasamningurinn ekki hafa tekið gildi fyrr en A-leikmannasamningurinn var gerður hinn 25. september 2001. Eftir það tímamark kemur dagsetningin 30. júní aðeins einu sinni fyrir eða 30. júní 2002. Varnaraðili byggir ekki á því að ranglega hafi verið staðið að tilboði kæranda í leikmanninn BÍG.

Að öllu þessu virtu þykir rétt að taka til greina varakröfu kæranda og að HSÍ verði gert að heimila félagaskipti Birkis Ívars Guðmundssonar úr Stjórnunni yfir í Hauka með undirritun formanns eða starfsmanns HSÍ á félagaskiptaeyðublað og veita leikmanninum þannig leikheimild með hkd. Hauka, þegar er staðfesting liggur fyrir um greiðslu á kr. 400.000,- til Stjórnunnar í samræmi við tilboð kæranda dags. 25. júní 2002, sem mótttekið var af Elísabetu Pétursdóttur hinn 25. júní sama ár.

DÓMSORÐ:

HSÍ skal heimila félagaskipti Birkis Ívars Guðmundssonar úr Stjórnunni yfir í Hauka og veita leikmanninum þannig leikheimild með hkd. Hauka, þegar fyrir liggur greiðslustaðfesting um að greiddar hafi verið kr. 400.000,- til Stjórnunnar í samræmi við tilboð kæranda dags. 25. júní 2002.

Jóhannes Albert Sævarsson

Smári Hilmarsson

Vala Valtýsdóttir